



# Öflug útbreiðsla kynja- hugmyndafræðinnar í evrópskum barnaheimilum og skólum



**Hugtakið 'gender' eða kyngervi var fundið upp árið 1975 af bandaríska kynjafræðingnum John Money og bandaríska feminístanum Gayle Rubin. Orðið kyngervi er notað yfir hið „samfélagslega“ kyn.**

Hugtakið 'gender' eða kyngervi var fundið upp árið 1975 af bandaríska kynjafræðingnum John Money og bandaríska feminístanum Gayle Rubin. Orðið kyngervi er notað yfir hið „samfélagslega“ kyn. Það sé kyn sem samfélagið og menningin hafi mótað og sé hverjum og einum valfrjálst. Það sé aðgreint frá hinu „lífræðilega“ kyni sem náttúran gaf. Hinn núlifandi bandaríski heimspekingur og feministi Judith Butler, sem sjálf er samkynhneygð, hafnar aðgreiningu á milli „félagslegs“ og „lífræðilegs“ kyns algerlega. Samkvæmt Butler sé lífræðilega kynið einfaldlega menningarleg túlkun. Hún lýsir tvíkynjun manns og konu sem fangelsi, sem mismunun náttúrunnar. Á heimsvísu telst Judith Butler meðal viðurkenndra sérfræðinga í kyngervis-tilgátunni og hefur mikil áhrif í Evrópu.

Á málþinginu „Kynja- og kynkennslufræði“ sem haldið var í janúar 2016 sagði austurríski geðlæknirinn og taugasérfræðingurinn Raphael Bonelli kaldhæðnislega um Judith Butler: „Sem raunvísindamaður er ég algjörlega heillaður af því hvernig einhver getur farið svona fram hjá vísindunum.“

Í pallborðsumræðunum sem fylgdu málþinginu bætti hann við:

„Og þetta að þurrka út allan veruleika, er að segja að allar líffræðirannsóknir séu fyrir Judith Butler líffræðiþrugl. Og þar með sé málið afgreitt. Með öðrum orðum, það að konur séu lágvaxnari en menn er þá ekki lengur til staðar. Þetta hefur svo risavaxinn blindan punkt að ég skil ekki hvernig hún kemst yfir götuna.“

Þrátt fyrir margar slíkar gagnrýnisraddir af hálfu vísindamanna og almennings eins og útsendingar hérna sýna, hefur þessi kyngervi-kenning breiðst hratt út. Sem svonefnd „vísindi“ er hún þegar fastur liður í evrópskum leik- og grunnskólum. Eftirfarandi dæmi frá Evrópu sýna fram á það:

- Lettland: Í lettneskum leikskólum eru sagðar sögur úr bókum með titlinum „Dagurinn sem drengurinn Carlis verður að stúlkunni Carlina“ eða „Dagurinn sem að stúlkan Ruta verður að drengnum Richard“. Báðar bækurnar eru gefnar út af ríkinu og njóta ritverndar.
- Þýskaland: Í þýskum skóla var stungið uppá því við nemendur að þeir skiptu um kyn í heilan dag. Drengir ættu að mæta í skólann farðaðir og í konufötum, og stúlkur skeggjaðar í karlmansfötum. Þennan dag mættu kennararnir líka í fötum gangstæðs kyns.
- Svíþjóð: Í Stokkhólmi var opnaður leikskóli þar sem börnin eru meðhöndluð sem væru þau kynlaus. Í stað þess að segja „hann“ eða „hún“ þá kallar maður börnin „það“. Þau verða að leika sér með kynlausar dúkkur og lesa bækur um drengi sem líkar vel við bleikan lit og finnst gaman að vera í kvenlegum fötum.
- Frakkland: 46.000 nemendum á aldrinum 12 til 14 ára var sýnd mynd sem hluta af

skólaverkefningu „Skóli og bíó“. Myndin fjallar um 10 ára stúlku sem ákveður dag einn að hún sé drengur og verður seinna ástfanginn af nágrannastúlku.

- England: Í Englandi eru foreldrar sem ala upp son sinn sem bæði dreng og stúlku. Þau klæða hann samtímis í gallabuxur og pils. Móðirin setur rautt naglalakk á hann og hann fær slaufur í hárið. Foreldrarnir segja að barnið þurfi sjálft að ákveða hvað það sé - hvort það vilji vera drengur eða stúlka.

Þetta eru bara fáein dæmi af mörgum. Þýski verkfræðingurinn og prófessorinn dr. Leisenberg segir á ráðstefnunni „Forum Familie 2014 um þróun kynjafræðinnar að við séum núna svo að segja á þeim stað að jafnrétti, þ.e.a.s. „frelsun“ undan lífræðilegum veruleika, eigi sér stað. Leisenberg segir orðrétt: „Lífræðin er ekki lengur samþykkt, það þarf að taka hana í sundur, þ.e.a.s. leysa hana upp. [...] í grunninn hverfum við til baka fyrir tíma vísindanna, þar sem náttúran sker ekki úr um réttmæti kenningarinnar heldur hugmyndafræði.“

Þrátt fyrir að kynjafræðin hafi hingað til ekki staðist neinar vísindalegar prófanir er hún samt kennd og ýtt fram í leik- og grunnskólum. Dr. Leisenberg heldur áfram: „Þessi hugmyndafræði sem á að breyta öllu okkar samfélagi, hefur verið innleidd sem „Hidden-Agenda“, á Íslensku „falin námsskrá“, án nokkurrar upplýsingar til ríkistjórna né almennings, hvað þá að leitað sé leyfis; á sveig við allar stofnanir lýðræðisins, afgreidd á ráðuneytisfundi og innleidd skuldbundið fyrir alla þjóðfélagsþegna og þýðingamiklar stofnanir.“

Þegar slíkar ákvarðanir eru teknar án meðvitundar íbúa landsins, þær knúna áfram án nokkurra vísindalegra sannanna og gerðar að skyldu, þá er það vísbending um hugmyndafræði sem einhver lítill hópur hefur úthugað og þvingi á undirförlan máta upp á „nú tíma“ samfélag.

eftir sak

---

#### Heimildir:

<https://www.youtube.com/watch?v=5u9OQp0u-ko>

<https://de.wikipedia.org/wiki/Gender>

[https://www.youtube.com/watch?v=nyW\\_Sn9unQg](https://www.youtube.com/watch?v=nyW_Sn9unQg)

[https://www.youtube.com/watch?v=g\\_wxzExdvWI](https://www.youtube.com/watch?v=g_wxzExdvWI)

[http://de.wikimannia.org/Wolfgang\\_Leisenberg](http://de.wikimannia.org/Wolfgang_Leisenberg)

<https://www.youtube.com/watch?v=FzaDZx8Y2JY>

---

**Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:**

---

---

## Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálsar – óháðar – óritskoðaðar ...



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á [www.kla.tv/is](http://www.kla.tv/is)

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: [www.kla.tv/abo-is](http://www.kla.tv/abo-is)

---

### Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: [www.kla.tv/vernetzung&lang=is](http://www.kla.tv/vernetzung&lang=is)

---

Licence:  *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknur af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.